



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR  
Stjórnsýsluhúsinu Borg, 2. hæð, 801 Selfoss  
Sími: 480-5500 Fax:480-5501  
Heimasíða: [www.gogg.is](http://www.gogg.is) Netfang: [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)

## Álagningarreglur fasteignagjalda 2018

### Fasteignaskattur

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Sveitarstjórn hefur ákveðið að skattprósenta skuli vera eins og að neðan greinir:

#### Fasteignaskattur A, 0,475% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og frístundahúsnæði ásamt lóðarréttindum.

#### Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

#### Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati

Allar aðrar fasteignir svo sem iðnaðar-, skrifstofu og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

### Lóðarleiga á Borgarsvæði er 1% af lóðarmati

#### Sorpeyðingargjöld

Íbúðarhús	kr. 21.000.-
Frístundahús	kr. 17.713.-
Lögbýli	kr. 10.269.-
Fyrirtæki	kr. 34.362.-

#### Sorphirðugjöld

Grátunna/blátunna/græntunna 240L ílát	kr. 17.364.- / 7.532.- / 7.532.-
Grátunna/blátunna/græntunna 360L ílát	kr. 25.920.- / 11.160.- / 11.160.-
Grátunna/blátunna/græntunna 660L ílát	kr. 50.104.- / 23.054.- / 23.054.-
Grátunna/blátunna/græntunna 1.100L ílát	kr. 82.343.- / 37.265.- / 37.265.-
Grátunna/blátunna/græntunna 1.700L ílát	kr. 127.500.- / 52.700.- / 52.700.-
Grátunna/blátunna/græntunna 3.000L ílát	kr. 216.000.- / 93.000.- / 93.000.-
Grátunna/blátunna/græntunna 8.000L ílát	kr. 576.000.- / 248.000.- / 248.000.-

### ATH: Gámar í sumarhúsaþverfum eru einungis fyrir heimilissorp og verða fjarlægðir ef það er ekki virt.

### Vatnsgjald

Vatnsgjald frá vatnsveitu sveitarfélagsins fyrir eignir í fasteignaskattflokk A, lögbýli / íbúðarhús er 0,25% af fasteignamati eigna. Hámarksálagning er 50.000 kr. á hverja eign / hús.

Vatnsgjald frá vatnsveitu sveitarfélagsins fyrir eignir í fasteignaskattflokk A í skipulagðri frístundabyggð er 0,25% af fasteignamati eigna. Hámarksálagning er 65.000 kr. á hverja eign / hús og lágmarksálagning er 25.000 kr. á eign / hús.

Vatnsgjald frá vatnsveitu sveitarfélagsins fyrir eignir í fasteignaskattflokk C er 0,25% af fasteignamati eigna. Hámarksálagning er 170.000 kr. á hverja eign / hús.

Tengigjöld (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 480.965.-

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 714.385.-

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 25.000.-

### Hitaveita

Stofngjald Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps er kr. 655.777.- + 11 % virðisaukaskattur.

Innifalið í stofngjaldi er ein mælagrind.

Rúmmetragjald skv. mæli er kr. 122,50.- + 2% umhverfis- og auðlindaskattur +11% virðisaukaskattur.

Frístundahús sem er með hemil greiðir lágmarksstillingu 3,0 l/mínútu eða kr. 7.728.- á mánuði + 2% umhverfis- og auðlindaskatt + 11% virðisaukaskatt, sbr. A-liður 5. gr.

Frístundahús sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða kr. 7.728.- á mánuði + 2% umhverfis- og auðlindaskatt + 11% virðisaukaskatt., sbr. A-liður 5. gr.

**Hitaveita/vatnsveita** – Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda er 15.000 kr. án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

### Seyrulosunargjald

Seyrulosunargjald greiðist fyrir hvert íbúðarhús, frístundahús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða tengt viðurkenndu fráveitukerfi. Árlegt gjald fyrir seyrulosun, tæmingu rotþróa, er 10.098 kr.

Holræsagjald í þéttbýlinu Borg og í Ásborgum verður 0,23% af fasteignamati húss.

**Sumarið 2018 verða losaðar allar þrær í Hallkelshólum, Miðengi, Vaðnesi, Snæfoksstöðum, Öndverðanesi og við**

**Búrfellsveg.** Þrær verða að vera aðgengilegar fyrir losunaraðilann, gott væri að merkja staðsetninguna með stöng eða flaggi.

Þannig getur losunaraðili gengið til verks þó að enginn sé heima við. Gæta þarf þess að losunaraðili komi ekki að lokuðu hliði.

### Hægt er að greiða álögð gjöld með kreditkortí.

**Grímsnes- og Grafningshreppur sendir ekki út greiðsluseðla né álagningarseðla í bréfapósti. Greiðsluseðlarnir birtast í heimabanka greiðanda undir rafrænum skjölum og álagningarseðlarnir eru aðgengilegir inn á upplýsinga- og þjónustuveitunni [www.island.is](http://www.island.is) Þessar birtingar koma í stað þess að tilkynningar séu sendar út með hefðbundnum bréfapósti. Hægt er að óska eftir álagningarseðli og greiðsluseðli í bréfapósti með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-5500 eða með tölvupósti á netfangið [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)**